

Nd.

330. Nefndarálit

[133. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin fjallaði stuttlega um málið á einum fundi. Engin haldbær rök hafa komið fram sem styðja það að brýna nauðsyn beri til að selja einmitt þetta fyrirtæki nú.

Samtök um kvennalista telja að það hljóti að vera aðstæðum háð hverju sinni hvaða eignarhald er haft á fyrirtækjum, þ. e. hvort þau eru ríkisrekin eða ekki. Þar hlýtur almenningsheill að ráða jafnt og hagkvæmnissjónarmið.

Við athugun þessa máls kemur í ljós að allar meginákvæðanir hafa þegar verið teknar og ráðstafanir langt komnar í samræmi við þær, en kaupsamningur um Landssmiðjuna milli ríkisstjórnarinnar og Landssmiðjunnar hf. var undirritaður með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Alþingis hinn 20. sept. 1984.

Alþingi stendur því eins og oft áður frammi fyrir gerðum hlut og er ætlað það hlutskipti eitt að gefa samþykki sitt formsins vegna. Því er í raun ekki ætlað að móta stefnu eða taka ákvarðanir um þetta mál og er það mjög miður.

Þar sem ástæður til sölu þessa fyrirtækis hafa ekki komið skýrt fram, hvorki í umræðum né á nefndarfundi, er eðlilegt að geta sér til um þær. Hér gætu legið til grundvallar arðsemissjónarmið þar sem bágstaddur ríkissjóður er annaðhvort að losa sig við vandræða-byrði eða hins vegar að reyna að selja eigur sínar hæstbjóðanda til að eiga fyrir skuldum. Engin merki sjást þess. Fyrirtækið hefur ekki verið mjög illa rekið þótt ýmissa úrbóta og hagræðingar sé þörf og tap er ekki áberandi í rekstri fyrirtækisins undanfarin ár. Auk þess ræður fyrirtækið yfir traustum og eftirsóknarverðum umboðum sem eru snar þáttur af veltu þess. Ekkert bendir til þess að leitað hafi verið eftir hæstbjóðanda í fyrirtækið en slíkt væri skiljanlegt og þjóðhagslega hagkvæmt sjónarmið fyrir ríkissjóð.

Í annan stað gæti hér verið um að ræða tilraun ríkisins til að koma á atvinnulýðræði í einu fyrirtækja sinna. Sú tilraun er ekki sannfærandi þar sem einungis 23 af tæplega 70 starfsmönnum vilja gerast eða telja sig geta gerst kaupendur að fyrirtækinu, og er á engan hátt tryggt að sú hlutfjáreign haldist meðal starfsmanna í framtíðinni. Hér er því ríkið í reynd að selja fyrirtækið hefðbundnu hlutfélagi.

Umsamið kaupverð Landssmiðjunnar er aðeins 22 115 638 kr. Þar eru undanskilin hlutabréf í eigu Landssmiðjunnar svo og fasteignir hennar, t. d. húsgrunnur við Skútuvog 7 sem metinn er á tæplega 66 milljónir króna. Auk þess er undanskilin í sölonni tilrauna-fiskimjölsværksmiðja sem unnið hefur verið að á vegum Landssmiðjunnar.

Undirrituð dregur í efa að þessi viðskipti séu ríkinu hagstæð og undrast þann hraða og annan hátt sem hafður er á afgreiðslu málsins. Hins vegar er ljóst að málið er nánast frágengið, mikil vinna og skuldbinding hefur verið lögð fram af hálfu þeirra starfsmanna sem hyggjast kaupa fyrirtækið og mun undirrituð því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 17. des. 1984.

Guðrún Agnarsdóttir,
fundaskr.